

Vékony gegen Ungverjalandi

Dómur frá 13. janúar 2015

Mál nr. 65681/13

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar.

Opinber leyfi. Atvinnurekstur. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandi er fæddur árið 1950 og búsettur í Sopron í Ungverjalandi. Fjölskylda hans hafði frá árinu 1994 rekið matvöruverslun í borginni og voru þar meðal annars seldar tóbaksvörur. Í kjölfar lagabreytinga árið 2012 var ríkinu fenginn einkaréttur til sölu tóbaks og var nauðsynlegt að leita sérstaks leyfis til sölu tóbaks í verslunum með þátttöku í útboðsferli. Kærandi missti leyfi sitt til sölu tóbaks vegna lagabreytinganna og honum tókst ekki að afla nýs leyfis.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að með því að svipta hann leyfi til sölu tóbaks hefði verið brotið gegn friðhelgi eignarréttar hans samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans, bæði sjálfstætt og jafnframt ásamt 14. gr. sem bannar mismunun.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að þar sem leyfi kæranda til sölu tóbaks hefði verið felld niður með lögum og það ekki fengist endurnýjað hefðu eignarréttindi hans, sem nyttu verndar 1. gr. 1. viðauka sáttmálans, verið skert.

Lögð var áhersla á að missir umrædds leyfis hefði veruleg neikvæð áhrif á rekstur matvöruverslunar kæranda, en fyrir lá að velta verslunarinnar hefði dregist saman um þriðjung og var hún í kjölfarið tekin til gjaldþrotaskipta. Dómstóllinn taldi aðlögunartíma frá gildistöku laga sem breyttu fyrirkomulagi tóbakssölu og þar til leyfi féllu út gildi ófullnægjandi. Þá fælist í 1. gr. 1. viðauka sáttmálans að við hvers konar skerðingar á friðhelgi eignarréttar yrði að tryggja rétt viðkomandi til að koma athugasemdum á framfæri við yfirvöld og til að leita endurskoðunar á lögmæti þeirra ráðstafana sem um ræðir. Með hliðsjón af aðstæðum taldi dómstóllinn að óhófleg og einstaklingsbundin byrði hefði verið lögð á kæranda. Því til stuðnings var bent á að leyfi hans til sölu tóbaks hefði verið numið úr gildi bótalaust, að lögum á þessu sviði hefði þráfaldlega verið breytt og breytingar tekið gildi í miklum flýti, að leyfi kæranda hefði sjálfkrafa fallið úr gildi, að synjun um nýtt leyfi hefði ekki sætt endurskoðun yfirvalda og að lagaleg úrræði til slíks hefðu ekki verið til staðar. Þá var bent á að kærandi hefði í reynd ekki átt raunhæfa möguleika á að halda áfram rekstri sínum þar sem ferli til veitingar leyfa hefði einkennst af gerræði og ekki verið gert ráð fyrir nokkurs konar forgangi fyrri leyfishafa. Samkvæmt þessu var talið að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

Ungverska ríkinu var gert að greiða kæranda 15.000 evrur í skaða- og miskabætur.